

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Kópavogi.

Askalind 2A. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogs þann 20. desember 2001 samþykkt tillögu að breyttu deiliskipulagi lóðarinnar nr. 2A við Askalind. Í breytingunni felst heimild til að stækka kjallara iðnaðarhúsnæðis sem verður að hluta undir bílastæðum sunnan hússins. Fjöldi og fyrirkomulag bílastæða breytist.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.
Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 25. febrúar 2002.

Birgir H. Sigurðsson skipulagsstjóri.